



## 1648. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
12.9.2018, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1647. fundar

Samþykkt.

### 2. Reykjavíkumaraþon

Jóna Hildur Bjarnadóttir og Anna Lilja Sigurðardóttir sátu þennan lið fundarins. Umræður. Stjórnin er ánægð með hvernig staðið var að málum í eftir að í ljós kom að mistök voru gerð við lagningu brautar í hálfu og heilu maraþoni. Áhersla á að læra af reynslunni, yfirfara ferla og halda áfram að vera í góðu sambandi við hlaupara. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við Reykjavíkurborg um götulokanir og fleira sem snýr að framkvæmd hlaupsins.

### 3. Tillögur vinnuhóps um mannréttindi og kynjajafnrétti

Jóna Hildur sat þennan lið fundarins og fylgdi úr hlaði. Kom m.a. fram að félögin vilja vinna frekar að þessum málum en skortir til þess stuðning. Stjórn fagnar góðri vinnu og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við Reykjavíkurborg um fjármögnun til að koma tillögum vinnuhópsins í framkvæmd.

### 4. Aðalfundur Íslenskra getrauna

Formaður sótti fundinn. Almennt góður árangur af Lengjustarfi en mikil samkeppni er við erlendar síður. Samþykkt að vinna með Getraunum að því að standa vörð um starfsemina til að hámarka ávinning fyrir íslenskt íþróttastarf.

### 5. Rekstur íþróttafélaga

Rekstur íþróttafélaga, rætt um næstu skref eftir fundinn í apríl s.l. Boðað verður til fundar með framkvæmdastjórum félaga sem reka boltadeildir í efri deildum fljótlega.

Fundi slitið kl. 12:55.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari